Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi



Gylfi Helgason, Birna Lárusdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Reykjavík 2018
FS695-18091

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd: Litið austur yfir ferjustað ÁR-479:061. Í fjarska sést í stíflu Steingrímsstöðvar. Ljósmynd tók Birna Lárusdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands ses. 2018

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 5

3. Skráningaraðferðir 7

4. Fornleifaskrá 9

ÁR-430 Efri-Brú 9

ÁR-431 Kaldárhöfði 12

ÁR-432 Syðri-Brú 15

ÁR-479 Úlfljótsvatn 19

5. Niðurstöður 43

Heimildaskrá 47

Viðauki 1: Hnitaskrá 49

Viðauki 2: Minjakort 51

Samantekt


Vorið 2018 fór fornleifaskráning fram á tveimur deiliskipulagsreitum við Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Verkið var unnið fyrir verkfræðistofuna Eflu. Annars vegar var um að ræða 64 ha svæði við Steingrímsstöð og hins vegar um 170 ha reit við Ljósafoss- og Írafossstöð. Tilgangurinn með deiliskipulagi efri deiliskipulagsreitsins er að staðfesta núverandi landnotkun svæðisins, en á neðra svæðinu er fyrirhugað að leggja veg og reisa þar mannvirki. Svæðin eru í landi jarðanna Efri-Brúar (ÁR-430), Kaldárhöfða (ÁR-431), Syðri-Brúar (ÁR-432) sem tilheyrðu hinum gamla Grímsneshreppi; og Úlfljótsvatns (ÁR-479) sem var í Grafningshreppi. Bæði úttektasvæðin eru fjarri heimatúnum þessara jarða.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður úr deiliskráningu fornleifa á úttektarsvæðunum. Gengið var kerfisbundið um deiliskipulagsreitina og allar minjar hnitsettar og þær mældar upp ef ummerki sáust á yfirborði. Áður var vitað um 14 minjastaði innan svæðanna en eftir vettvangsvinnu er vitað um 33 minjastaði, 18 á úttektarsvæðinu við Steingrímsstöð og 15 hjá deiliskipulagsreitnum við Ljósafoss- og Írafossstöð.

1. Inngangur

Á vordögum 2018 óskaði Efla eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér deiliskráningu fornleifa á tveimur svæðum við Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Megintilgangur deiliskipulagsins var þríþættur. Í fyrsta lagi að staðfesta núverandi landnotkun við Steingrímsstöð, í annan stað fyrirhuguð vegagerð við Ljósafossvirkjun og í þriðja lagi byggingaframkvæmdir við Írafossstöð. Úttektarsvæðið skiptist í tvennt, annars vegar um 64 ha svæði við Steingrímsstöð; hins vegar um 170 ha svæði við Ljósafoss- og Írafossstöð (myndir 1 og 2). Vestan ár eru bæði úttektarsvæðin í landi Úlfljótsvatns, annars vegar í norðaustasta hluta jarðarinnar og hins vegar þeim hluta sem er suðaustast. Að auki nær svæðið við Steingrímsstöð inn í vestasta hluta Kaldárhöfðalands; og deiliskipulagsreiturinn við Ljósafoss- og Írafossstöð er austan við Sog í landi Efri-Brúar og Syðri-Brúar. Svæðin innan ofangreindra jarða eru öll í talsverðri fjarlægð frá heimatúni bæjanna. Allar jarðirnar voru í Grímsneshreppi ef frá er talið Úlfljótsvatn sem var í gamla Grafningshreppi, en þessir tveir hreppar voru sameinaðir í eitt sveitarfélag árið 1998.

Á báðum úttektarsvæðunum hefur áður farið fram vettvangsskráning fornleifa. Minjar í Grímsneshreppi, þ.e. á Efri-Brú, Kaldárhöfða, og Syðri-Brú voru vettvangsskráðar í



Mynd 1: Skráningarsvæðin eru merkt inn á kortið með rauðum punktum. Kortagrunnur: Gísli Pálsson.

tengslum við aðalskipulagsgerð árin 1999–2000.[1] Minjar í Úlfljótsvatnslandi hafa tvisvar verið skráðar á vettvangi áður, fyrst árið 2003 við aðalskráningu fornleifa[2], og síðan aftur tveimur árum síðar sökum deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar sumarbústaðabyggðar.[3] Hér má einnig nefna að hnit minjastaða í Grímsnes- og Grafningshreppi voru uppfærð á loftmyndum á árunum milli 2016 og 2018.[4]

Fyrir þessa deiliskráningu fornleifa var ákveðið að eldri gögn yrðu endurskoðuð innan deiliskipulagsreitanna, enda hafa kröfur til fornleifaskráningar aukist síðan fyrri vettvangsskráningarnar voru gerðar. Við deiliskráningu fornleifa, eins og um hér er að ræða, er gengið skipulega um úttektarsvæði, bætt við fyrirliggjandi skráningar og allar minjar hnitsettar og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp.[5] Vitað var um 14 minjastaði innan deiliskipulagsreitanna, níu minjar við Steingrímsstöð og fimm við Ljósafoss- og Írafossstöðvar. Við þessa deiliskráningu fornleifa bættust 19 staðir við; samtals eru því 33 minjastaðir innan deiliskipulagssvæðanna.

Minjar voru skráðar á vettvangi í lok maí, en þá var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum, en áður þekktar minjar voru einnig mældar upp. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble Geoexplorer 6000 tæki til uppmælinga og er stofnuninni færðar bestu þakkir fyrir lánið. Um vettvangsskráningu sáu fornleifafræðingarnir Birna Lárusdóttir, Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Um skýrsluskrif sá Gylfi Helgason undir umsjón Birnu Lárusdóttir, og Kristjana Vilhjálmsdóttir setti upp skýrslu og hannaði kort. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands ses, en loftmyndirnar eru frá Loftmyndum ehf.

Þessi skýrsla er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands ses. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er svo fjallað um sögu svæðisins og þær fornleifar sem skráðar voru innan þess en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

---

[1] Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir, 1999.

[2] Rúnar Leifsson, 2003.

[3] Bjarni F. Einarsson, 2005.

[4] Birna Lárusdóttir, 2018.

[5] Sjá t.d.16. og 22. grein Laga um menningarminjar.



Mynd 2: Yfirlit yfir skráningarsvæðin.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og ösku-hauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
>
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands ses hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í þessari skýrslu tilheyra jörðunum Efri-Brú, Kaldárhöfða, Syðri-Brú og Úlfljótsvatni. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-479:061). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan deiliskipulagsreitanna. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir



Mynd 3: Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um …“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-430 Efri-Brú

1686: 30 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1695: 30 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1708: 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalíns II, 356.

1847: 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 71. Í neðanmálsgrein segir: „J.b. 1760 tilgreinir hvorki lsk. né kúg., en A.M. telur 1 h. 40 al. lsk. og 7 kúg.“

Jarðarinnar er fyrst getið um páska 1253: „Reið Þórður [Hítnesingur] suður eftir páskaviku og Ingimundur Böðvarsson. Og er þeir komu suður á heiði tók að drífa og féll snjór svo mikill að hestarnir máttu eigi vaða. Treystust þeir eigi að ríða Lyngdalsheiði og sneru til Gjábakka og komu mjög þrekaðir til Brúa um kveldið. Þeir báðu þar greiða og fengu eigi. Tóku þeir þar vöndul heys fyrir hest hvern og lágu undir túngarði því bóndi lét byrgja hurðir vandlega.“ Þorgils saga skarða, Sturl., II, 148.

1269: „[frá Búrfelli] scal oc sijngia til Brûar anan hûern dag oc scal caûpa xûiij aûrûm.“ DI II, 63–64.

1397: „Nichulaskirkia ad Efri Brv a xc. j heimalandi […] portio Ecclesiæ vmm .viij. är næstu .iij. merkur.“ DI IV, 91.

1564, 18.06: „Vitnisburður um landamerki Brúar Efri í Grímsnesi […]. Enn j heimalande voru halldin landamerke j nordrætt j Molldäs enn störa. og j þann læk sem er fyrir nordan stapann. Enn j landnordursætt j halfann Hestzdal. Lyste Clemens heitinn Jonsson þui, er þar bio j xx ar fyrir ockur. ad þad sel sem giortt er a drifttinne nordur. være rett j landamerkium. Enn af nordara driftar endanum j Þrasaborger. Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burtt vr adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiall. So og j austurætt. halfann Burfellsdal. og sionhending af sama dal j Þrasaborger. Eru vid nu xl ara gomul.“ DI XIV, 269–270.

1596, 29.06: Gerður var áreiðardómur um landamerki Efri- og Syðri-Brúar [ÁR-432]. Þar kom fram 12 manna dómur þar sem sr. Jón Jónsson hafði stefnt Eyvindi Þorkelssyni eiganda Efri-Brúar vegna Þingvallakirkjujarðar Syðri-Brúar. Þeir höfðu þó hvorgur önnur skjöl en „um Gard sem liggur a millum jardanna.“ Því var málið dæmt til áreiðar Þórðar Guðmundssonar lögmanns og taldi hann og dómurinn þessi landamerki: „Sa gardur logligur og myndugur a millum greindra jarda sem liggur þar a millum. thil rettra landamerkia. sem annar endinn horfer fyrer nedan Liosafoss. og annar vid ofanverdan

Burfellshäls ad sionhendingu.“ AÍ III, 89–90.

Bænhús var á jörðinni og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir: „Hjer hefur i manna minni bænhús verið, og tíðir veittar, þegar heimafólk tók sacramenti. En ekki hefur embætti flutt verið í næstu 50 ár, og er nú húsið niðurfallið í grunn og sjást aðeins tóftarleifar.“ JÁM II, 356.

1920: Tún 9,8 ha. Garðar 1156 m².

„Bærinn stendur sunnan undir lágum ási, Steinsholti. Land jarðarinnar liggur með Úlfljótsvatni skammt niður fyrir Ljósafoss. Skiptast á mýrarsund, melar og móar austur að Búrfelli og upp að heiðarrótum Lyngdalsheiðar. Þar eru víða valllendisflatir. Landið er allsundurskorið af vatnsgangi og uppblæstri,“ segir SB III, 136.

ÁR-430:058 tóftir E: 401940 N: 400945

Tvær unglegar tóftir eru um 940 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 250 m austan við tóft 028. Hlutverk tóftanna er óþekkt, en þær eru nálægt Úlfljótsvatni, og gætu þar hafa tengst fiskveiðum þar, en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Tóftirnar eru fast vestan við golfvöll Ljósafossvirkjunar, í grösugri brekku sem hallar í átt að Úlfljótsvatni. Á þessum slóðum er lynggróður og unglegur trjágróður áberandi, einkum til norðvesturs.


Tvær einfaldar og grjóthlaðnar tóftir eru á svæði sem er 12x10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftirnar eru báðar vallgrónar; því er ekki hægt að telja umför í veggum en greina má op til vesturs í þeim báðum. Til aðgreiningar fá þær sér bókstaf í þessari lýsingu, sem hefst að norðan, á tóft A. Hún er 6x5 m að stærð og snýr svo að segja austur-vestur. Veggjahæð er mest 0,6 m og eru veggir 0,3-0,6 m á breidd. Tóftin er lítillega hlaðin inn í brekku, um 0,4 m. Tóftin er skeifulaga að utan, en að



Mynd 4: Töftir 058, horft til NA.

innan eru veggir tiltölulega beinir og því er tóftin að innan nálega ferhyrnd. Innan tóftarinnar og ofan á veggjum er trjágróður búinn að stinga niður rótum sem mun ljóslega raska tóftinni í nánustu framtíð. Ekki sér til jötu, garða eða annars sem gæti bent til hlutverk tóftarinnar. Fast sunnan við tóft A er tóft B. Hún er 5x4 m að stærð, ferhyrnd, og snýr austur-vestur. Tóftin er hlaðin um 0,5 m inn í brekku. Hleðslur eru signar og eru veggir 0,2-0,3 m á hæð og 0,4 m á breidd. Botn tóftarinnar er sléttur að innan og ekki sér til frekari hólfaskiptingar eða annars sem gæti gefið vísbendingu um hlutverk hennar.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 5: Uppmæling á tóftum 058 og 059.

ÁR-430:059 tóft óþekkt E: 401943 N: 400936

Tóft er um 950 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 15 m sunnan við tóftir 058.

Tóftin er í grösugri brekku, austan við golfvöll Ljósafossvirkjunar. Þar má greina lynggróður hér og þar, en til norðurs er unglegur trjágróður.

Tóftin er einföld, ferhyrnislaga, 2x2 m að stærð og er opin til vesturs, í átt að Úlfljótsvatni. Veggir eru grjóthlaðnir, en mikið grónir og ekki er því hægt að telja umför. Veggjahæð er mest 0,4 m og eru veggir 0,2-0,4 m á breidd. Enginn munur er á gróðri innan eða utan tóftarinnar og ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 6: Tóft 059, horft til V.

ÁR-431 Kaldárhöfði

1686: 11 hdr., 160 ál., Skálholtsbiskupseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1695: 13 hdr., 40 á., Skálholtsbiskupseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1708: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsbiskupseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 357.

1847: 12 1/3 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 71. Í neðanmálsgrein segir: „Hreppstjóri telur jörðina 10 1/3 h. að dýrleika."

Jarðarinnar er fyrst getið c. 1269: „[til Búrfellskirkju] liggia tijundir heima mana or caldaraufda oc as gardi." DI II, 63.

1920: Tún 2,5 ha. Garðar 62,4 m2.

„Landið næst Þingvallavatni að rótum Lyngdalsheiðar er vel gróið hraun. Sunnar, meðfram Sogi og Úlfljótsvatni, eru heiðalönd og mýrarsund. Í Driftinni sem er vesturbrún Lyngdalsheiðar eru valllendisflatir sem fyrrum voru nýttar til slægna. Höfði gengur úr Lyngdalsheiði vestur undir Sog. Bærinn stendur sunnanundir honum í skjóli fyrir norðanáttinni. Niður af hlaðvarpanum eru kaldavermslsuppsprettur og dregur bærinn nafn af hvoru tveggja," segir í SB III, 138.


ÁR-431:024 *Aðhald* hleðsla rétt E: 401442 N: 404902

„Þá er standberg og síðan svonefnt Aðhald, dálítið undirlendi niðri í gljúfrinu. Það var notað til að geyma fé. Að mestu er það girt frá náttúrunnar hendi. Sér fyrir fornum görðum, sem liggja frá Soginu upp að bergi ofan við. Nýrri garður, sem notaður var í minni Óskars, minnkaði svæðið aðeins", segir í örnefnaskrá.

Aðhald er um 900 m vestan við bæ 001 og rúmum 280 m suðaustan við Skálholtstóftir 026.



Mynd 7: Hleðsla 024 A, horft til ANA.



Mynd 8: Uppmæling af hleðslum 024.

Mjög brött og gróin brekka frá bergvegg, sem hallar til suðurs og endar í Soginu. Við bergvegginn er Aðhaldið.

Í skýrslu Orra Vésteinssonar og Birnu Lárusdóttur „Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I“ segir: „Sjálft aðhaldið er lítið og lárétt undirlendi alveg upp við bergvegginn efst. Umhverfis er hleðsla í hálfhring, ekki há. Sunnar er hlaðinn grjótgarður í beina línu frá ánni og upp að bergvegg. Hann er 15-20 m langur og hleðslan allt að 1.30 m að hæð. Þessi hleðsla er frá fyrri hluta 20. aldar en hinir fornu garðar sem getið er í örnefnalýsingu eru nú mjög óglöggir.

Aðhaldið var aftur vettvangsskráð á vordögum 2018. Aðhaldið markast af tveimur hleðslum sem afmarka svæði sem er 40x20 m að stærð og snýr norður-suður, staðurinn er tilvalinn til þess að hafa sem aðhald frá náttúrunnar hendi. Til aðgreiningar fá þær sér bókstaf í þessari lýsingu sem hefst að vestan, á hleðslu A. Hún er 12 m á lengd, 0,5 m á breidd og er hlaðin í hálfhring. Hleðslan er grjóthlaðin úr 1-3 umförum af stæðilegu grjóti og er mesta veggjahæð að utan 0,8 m en 0,4 m að innan. Op er greinanlegt til austurs, fast upp við bergganginn. Botn réttarinnar er sléttur og ekki sér til frekari hólfaskiptingar. Hleðsla B er um 40 m austan við hleðslu A. Hún er 10 m á lengd, 0,4 m á breidd og liggur nálega NNA-SSA frá bergvegginum og endar rétt um 20 m norðan við Sogið. Hleðslan er grjóthlaðin úr stæðilegu



Mynd 9: Hleðsla 24 B, horft til A.

grjóti í bland við smágrýti. Mesta veggjahæð er 0,6 m og mest má sjá 4 umför af grjóti í hleðslunni á norðurhluta hennar, en suðurhlutinn er verr varðveittur og þar er aðeins hægt að telja 1-2 umför; þar er veggjahæð 0,1-0,3 m. Engin ummerki sjást um forna garða sem getið er um í örnefnalýsingunni, en víða á svæðinu er björg og grýti og hugsanlega hefur e-ð af því tilheyrt hinum fornu görðum.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 7; Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir 1999, 37

ÁR-432 Syðri-Brú

1686: 30 hdr., Þingvallakirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1695: 20 hdr., Þingvallakirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 115.

1708: Jarðardýrleiki óviss, Þingvallakirkjueign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 365.

1847: Jarðardýrleiki óviss, Þingvallakirkjueign, skv. Jarðatali Johnsen, 71. Í neðanmálsgrein segir: „Jb. 1803 ein segir jörðina haldna 20 h. að dýrleika; jb. 1750 tilgreinr hvorki lsk. né kúg. en A.M. segir lsk. 1 h. 20 ál. og kúg. 6.“

Jörðin er einnig nefnd Neðri-brú, e.g. JÁM II, 365, og Minni-Brú e.g. DI V, 241.

Jarðarinnar er fyrst getið c. 1269: „[frá Búrfelli] scal oc sijngia […] til anrar Brûar: vij messur: oc en xiij Bûnhûs dagar oc caupa halfri morc.“ DI II 63.

1461, 13.10: „Haukr bóndi Einarsson selr Birni bónda Þorleifssyni jarðirnar Hvassafell í Norðárdal [MH-042], Grjót í Þverárhlíð [MH-029] og Háfafell í Dölum fyrir það, sem Björn átti í Tungufelli í Hreppum [ÁR-295], jörðinni Minni-Brú í Grímsnesi og enn tuttugu hundrað jörð.“ DI V, 241–242.

1474, 19.06: Skipar Sveinn biskup Jón Jónsson rauðkoll og Ásdísi Ólafsdóttur umboðsmenn Péturs sonar síns og skyldu þau taka að sér þá peninga sem Sveinn hafði gefið syni sínum en það er jörðin á Neðri Brú í Grímsnesi í Búrfellskirkjusókn, og þar til fimm kýr og hin sjötta sú bænhúskú sem þar fylgir, sex ásauðarkúgildi, hest. DI V, 751.

1564, 18.06: „Vitnisburður um landamerki Brúar Efri í Grímsnesi [ÁR-430] […]. Enn j heimalande voru halldin landamerke j nordrætt j Molldäs enn störa. og j þann læk sem er fyrir nordan stapann. Enn j landnordursætt j halfann Hestzdal. Lyste Clemens heitinn Jonsson þui, er þar bio j xx ar fyrir ockur. ad þad sel sem giortt er a drifttinne nordur. være rett j landamerkium. Enn af nordara driftar endanum j Þrasaborger. Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burtt vr adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiall. So og j austurætt. halfann Burfellsdal. og sionhending af sama dal j Þrasaborger. Eru vid nu xl ara gomul.“ DI XIV, 269–270.

1750: Í Þingvallakirkjumáldaga er þess getið að Brú sé komin undir kirkjuna og var hún þá leigð fyrir 1 hdr . DI XV, 644.

1596, 29.06: Gerður var áreiðardómur um landamerki Efri- og Syðri-Brúar. Þar kom fram 12 manna dómur þar sem sr. Jón Jónsson hafði stefnt Eyvindi Þorkelssyni eiganda Efri-Brúar vegna Þingvallakirkjujarðar Syðri-Brúar. Þeir höfðu þó hvorgur önnur skjöl en „um

Gard sem liggur a millum jardanna.“ Því var málið dæmt til áreiðar Þórðar Guðmundssonar lögmanns og taldi hann og dómurinn þessi landamerki: „Sa gardur logligur og myndugur a millum greindra jarda sem liggur þar a millum. thil rettra landamerkia. sem annar endinn horfer fyrer nedan Liosafoss. og annar vid ofanverdan Burfellshäls ad sionhendingu.“ AÍ III, 89–90.

1920: Tún 5,4 ha. Garðar 1071 m².

„Bærinn stendur sunnan undir móbergshæð. Landið liggur meðfram Soginu og Írafoss og Kistufoss eru í landi jarðarinnar. Austurbakki Sogsins var melur með móabörðum sem á síðasta áratug var breytt í tún. Þá kemur þjóðvegurinn til Þingvalla en austan hans var blaut mýri, Djúpamýri, austur að Búrfelli. Norðan við Djúpumýri eru tún á framræsturlandi. Nokuð valllendi er við fjallsrætur en gróður minnkar eftir því sem ofar kemur í fjallið,“ segir í SB III, 139.

ÁR-432:009 *Grafarmýri* örnefni mógrafir E: 402507 N: 400099

„Sunnan við hana [Fossmýri] er lítið móaholt, nafnlaust, en austan og sunnan við það er Grafarmýri,“ segir í örnefnaskrá. Grafarmýri er 90 m SSV við bæ 001 og tæpum 70 m norðaustan við Ljósafosssundlaug (b. 1978).

Á þessu svæði er framræst votlendi, þýft og unglegur trjágróður til allra átta nema norðurs, þar er sléttað tún.

Í skýrslu Orra Vésteinssonar og Birnu Lárusdóttur „Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I“ segir: „Mýrin er horfin, var ræst fram og sléttuð.“

Staðurinn var aftur heimsóttur á vordögum 2018 og nýtt hnit tekið. Eins og fyrr segir sjást engin ummerki um mógrafir enda hefur mýrin verið ræst fram og grafirnar gætu hafa gróið saman við þúfur í lands-laginu. Ekki er þó óhugsandi að Grafarmýri hafi dregið nafn sitt af mógrafarsvæði 015, en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 1; Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir 1999, 48

ÁR-432:013 varða E: 402085 N: 400479

Varða er um 1,1 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 170 m suðaustan við Ljósafossvirkjun (b. 1937). Grjótið er ljóslega dregið saman af mönnum en ekki víst að það hafi verið gert fyrir löngu; þó er ekki loku fyrir það skotið að svo sé.

Varðan er í trjálundi fyrir miðjum Ljósafossvirkjunar-golfvelli.

Varðan er 2x1 m að stærð, snýr nálega norður-suður og er hlaðinn úr smágrýti. Varðan er nær jafnt jörðu, um 0,2 m á hæð. Um er að ræða u.þ.b. 4 stæðileg grjót og mikið af smágrýti, eingöngu neðsta umfarið sést. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt, en hún er ekki við þekktar leiðir eða landamerki.



Mynd 10: Varða 013, horft til NNV.


Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

ÁR-432:014 tóft E: 402398 N: 399799

Tóft er um 390 m SSV við bæ 001 og rúmum 320 m austan við Ljósafossvirkjun (b. 1937).

Á þessum slóðum er vel gróið mólendi. Fast sunnan við hleðsluna er gamli vatnsbakki Úlfljótsvatns en til annarra átta er trjágróður ríkjandi.

Tóftin er L-laga, 5x3 m að stærð og snýr svo að segja austur-vestur. Hún er torfhlaðin og er mesta veggjahæð, 0,3 m á hæð. Veggir eru 0,2-0,4 m á breidd. Aðeins norður- og austurhlið tóftarinnar eru varðveittar en aðrar hliðar eru komnar undir svörð; ekkert op er sjáanlegt á tóftinni og sennilega hefur það annað hvort verið á vestur- eða suðurhlið hennar. Botn tóftarinnar er nálega sléttur og ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu eða öðru sem gæti gefið



Mynd 11: Uppmæling af tóft 014.

vísbendingu um hlutverk hennar. Sennilega hefur tóftin þó tengst fiskveiðum á einhvern hátt vegna nálægðar sinnar við gamla vatnsbakka Úlfljótsvatn en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 12: Tóft 014, horft til SSV.

ÁR-432:015 náma mógrafir E: 402565 N: 399917

Vel grónar mógrafir eru um 240 m SSA við bæ 001 og tæpum 190 m sunnan við Grafarmýri 009. Ekki er útilokað að Grafarmýri 009 hafi dregið nafn sitt af þessu mógrafarvæði, en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það; vegna þess fær þetta mógrafasvæði sér fornleifanúmer í þessari skýrslu.

Ofarlega í grasigrónu og þýfðu holti er trjálundur með barrtrjám og fl. trjátegundum. Þar í botninum eru mógrafirnar.



Mynd 13: Mógrafir 015, horft til V.

Grafirnar ná yfir svæði sem er 30x25 m á stærð og snýr norður-suður, innan þess sjást 4-6 mógrafir. Hin dæmigerða mógröf á svæðinu er 4x2 m að stærð, og snýr nálega norður-suður. Er með 0.5 m djúpan botn sem er grasigróinn og þurr.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

ÁR-479 Úlfljótsvatn

1686: 30 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 116.

1695: 40 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 116.

1706: 40 hdr., bændaeign og kirkjustaður, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 381.

1839: 40 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 73.

Í Harðarsögu segir: „Um þann tíma [um 1510-20] bjó ein ekkja á Úlfljótsvatni í Grafningi, og fór síra Jón Gíslason þángað frá Hraungerði og bjó þar margt ár með henni.“ ÍX XIII, 50.

1554, 12.09: „Helgi ábóti í Viðey [GK-233] selr með ráði og samþykki Ögmndar biskups og conventunnar Arnbjörgu Stulladóttir og dætrum hennar jarðirnar Úlfljótsvatn og Hlíð í Grafningi [ÁR-482] fyrir jarðirnar Kiðafell [GK-330], Valdastaði [GK-351], Bollastaði [GK-351:037] og Háls, allar í Kjós, svo og Snartastaði í Borgarfirði.“ DI IX, 247-248.

1567, 08.08: „Dómr um gjöf Steinunnar Sighvatsdóttur á jarðarpörtum [...]. Dömur Gijsla Sueinssonar vm Hlijd [ÁR-482] og Vlfiotsvatn [Dómur um að Steinunn Sighvatsdóttir hafði gefið Önnu Guðmundardóttur dóttur sinni 10 hdr í Úlfljótsvatni, en Steinunn hafði erft 20 hdr í Úlfljótsvatni og 10 hdr í Hlíð, og var gjöf Steinunnar dæmd ólögleg].“ DI XV, 9-10.

1651: „Í sama stað og dag bauð síra Jón Daðason upp V hundruð í andvirði Úlfljótsvatns, pantsett upp á XX kúildi og V vættir smjör. Er þetta hans lagaboð á alþingi, en þrjú áður undan gengin í héraði.“ AÍ VI, 286.

1665: „Tilboð Torfa Hákonarsonar upp á 400 dali [...] að innleysa, ef vilja, jörðina Úlfljótsvatn, XL hundruð, liggjandi í Grafningi og í sjálfri kirkjusókn [...].“ AÍ VII, 68.

1698: „Var upplesið kaupbréf Sigmundar Sæmundssonar, gert við Gísla Jónsson um X hundruð í jörðinni Úlfljótsvatni, liggjandi í Grafningi og sjálrar sinnar kirkjusókn.“ AÍ IX, 62.

1714: „Kaup-bréf lögréttumannstins Brynjólfs Jónssonar fyrir 20 hundr. í jörðinni Úlfljótsvatni í Grafningi af Magnúsi Magnússyni fyrir 10 hundr. í Þjórs-holti [ÁR-290], 5 hundr. í Minni-Völlum í Landmanna-hrepp [RA-443] af Magnúsi Magnússyni fyrir lausafé.“ AÍ X, 197.

1714: Ragnheiður Hákonardóttir óskar af lögmönnum og lögréttu að hún fengi að vita hvort þær jarðir sem faðir hennar, Hákon Bjarnason hefði átt og síðar hefði komið í hendur

sr. Jóni Daðasyni, þ.á.m. Úlfljótsvatn, 40 hdr, væru að fullu borgaðar af sr. Jóni eða hans erfingjum. AÍ X, 173.

1716: „Kaup-bréf lögréttumannsins Brynjólfs Jónssonar fyrir 10 hundruðum í Úlfljótsvatni í Grafningi af sýslumanninum Markúsi Bergsyni fyrir 60 rixd. in specie.“ AÍ X, 275.

1718: „Umboð sýslumanninum Markúsi Bergsyni gefið af Bjarna Ketilssyni, með ráði og samþykki Sæmundar Magnússonar, að sefja 10 hundr. í jörðinni Úlfljótsvatni í Grafningi fyrir lausafé, ei minna en 60 rixd. in specie.“ AÍ X, 396.

1718: „Kaup-bréf lögréttumannsins Brynjólfs Jónssonar fyrir 10 hundr. í jörðinni Úlfljótsvatni í Grafningi af sýslumanninum Magnúsi Bergssyni vegna Bjarna Ketilssonar fyrir 60 rixd. in specie.“ AÍ X, 396.

1918: Tún 6,1 ha. Matjurtagarðar 1413 m2.

1839: „Reytingsheyskapur, skriðuhætt, útigangur og silungsveiði,“ segir í SSÁ, 182.

„Stærsti hluti landins er graslitlir, þurrlendir heiðamóar. Skjógarkjarr er í Skógarnefni, Grænulágum og Háafelli. Dælurnar eru gamalt áveituengi. Keramýri er allgóður slækjublettur og víða eru allgóðir valllendisblettir, t.d. Selflatir og Borgarvík. Flatey og Hrútey voru slegnar og geymt í þeim fé, einkum á haustin,“ segir í SB III, 267.

ÁR-479:024 *Kallhóll* heimild um ferju E: 401788 N: 404615

„Kallhóll er upp af Þúfnanesinu. Á Kallhól var staðið, þegar ferja var kölluð sunnan frá að Kaldárhöfða. Ferjustaðurinn var skammt fyrir neðan Kerið,“ segir í örnefnalýsingu.

Kallhóll er um 3,7 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 240 m NNA við ferjustað 062. Hóllinn er allur grænn og gróinn (gras, sóleyjar o.fl.), nema þar sem skagar út úr honum berg SA meginn á hlið sem veit að Soginu.



Mynd 14: Kallhóll 024, horft til A.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Hóllinn er hár og brattur og suðaustasti punktur hans er hæstur. Fram af toppnum er því sem næst þverhnípt niður í Sogið. Hóllinn er keilulaga og oddmjór upp. Rödd þess sem kallar af þessum hól ætti að bergmála víða. NV hlið Kallhóls er lang tyst [sic!] og lægst og mest aflíðandi. Hann fellur smám saman inn í landslagið að NV. Hinar hliðarnar eru allar mun brattari og meira afgerandi.“

Kallhóll var aftur vettvangsskráður á vordögum 2018, engu er við lýsingu Rúnars að bæta en nýtt hnit var tekið, sem er með minni skekkju en eldra hnitið.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 7; Rúnar Leifsson 2003, 26

ÁR-479:025 *Bríkarhellir* hellir fjárskýli E: 401519 N: 404816

„Bríkarbakki heitir grasi gróinn hvammur niður við Sogið, norðan undir Haugunum. Bríkarhellir heitir hellirinn í berginu austan við Bríkarbakka. [Hellirinn var notaður] fyrir fjárskýli til forna, á meðan ekki voru til hús fyrir fullorðið fé.“

Bjarni F. Einarsson skráði Bríkarhelli í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, þar segir: „Í nokkuð bröttu klettabelti skammt austur af útfalli Sogsins.“

Bríkarhellir er um 3,8 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m vestan við stekk 070. Óljós kindaslóði liggur að hellinum að honum suðvestanverðu. Í gjánni sem Sogið rennur í gegn; þar ofarlega í brattri og grasmikilli brekku er Bríkarhellir.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Hellismunninn er stór, um 8 m langur og ca. 2-3 m hár. Hellisþakið slútir fram líkt og bríkút úr berginu yfir munnanum. Fremri hluti hellisins er fullur af hávöxnum gróðri. Erfitt er að komast að hellinum sökum bratta og mikils gróðurs. Bríkarhellir er nokkuð djúpur og mun rýmri en Haugahellir (ÁR-479:026). Ekki sjást ummerki eftir menn eða sauðfé í hellinum sem gæti stafað af gríðar þéttum og háum gróðri.“

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er hellinum lýst þannig: „Hellirinn er um 10 m víður við munnann og 5 m hár. Dýpt hans er um 10 m. Innst í hellinum er náttúruleg sylla. Hvergi mótar fyrir hleðslum. Að hellinum liggur slóði sem kemur að austanverðu. Nýrri slóði liggur niður að honum að vestanverðu. Við munnann er mikið af hvönn.“

Bríkarhellir var aftur heimsóttur og hnitsettur á vordögum 2018. Ekki er miklu við fyrri

lýsingar að bæta. Hellisopið er 10 m á breidd og 4 m á hæð. Hellirinn er 10 m á lengd og 4-6 m á breidd. Hæst er til lofts við hellisopið, um 4 m, en lægst í suðaustur horni hellisins, tæpir 2 m. Hellirinn er fremur bjartur en rakur. Lítill sem enginn gróður var í hellinum þegar skrásetjari var á vettvangi, en engar hleðslur eða önnur mannaverk sáust í hellinum.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 7-8, Bjarni F. Einarsson 2005, 51:1; Rúnar Leifsson 2003, 26-27

ÁR-479:026 *Haugahellir* hellir fjárskýli E: 401519 N: 404816

„Bríkarbakki heitir grasi gróinn hvammur niður við Sogið, norðan undir Haugunum. Bríkarhellir [025] heitir hellirinn í berginu austan við Bríkarbakka. Annar hellir er norðan í Haugunum, vestar en Bríkar. Báðir voru hellarnir notaðir fyrir fjárskýli til forna, á meðan ekki voru til hús fyrir fullorðið fé," segir í örnefnaskrá.

Bjarni F. Einarsson skráði Haugahelli í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, þar segir: „Beint niður af Haugunum (miðhaugnum). Í miðjum hlíðum brattra hamra. Á milli Skinnhúfu- [sjá 027] og Bríkurhellis [025]."

Haugahellir er rúmum 3,9 km norðaustan við bæ 001 og um 70 m norðan við Haug 060B. Hellirinn er ofarlega í grasi- og mosavaxinni hlíð sem liggur niður niður að Soginu.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni" segir: „Munni hellisins er um 1.5 x 1.5 m. Hellirinn er frekar djúpur. Opið snýr til NA og hellirinn dýpkar skáhallt upp á við til SV. Hellirinn er dimmur og rakur. Engar [sic] mannaverk eru augljós í hellinum. Svo virðist sem kindur nýti sér enn hellinn, en nokkrar voru inni í honum þegar skráning fór fram.

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er hellinum lýst þannig: „Um 2 m víður við munnann og 2 m hár. Dýpt hellisins er um 5 m. Gólf eða botn er mjög hallandi upp á við eftir því sem innar dregur í hellinn. Mikið er af hvönn utan við munnann."

Haugahellir var aftur vettvangsskráður á vordögum 2018. Engu er við fyrri lýsingar að bæta en staðurinn var aftur hnitsettur með minni skekkju en í eldri skráningum.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 7-8; Bjarni F. Einarsson 2005, 52:1; Rúnar Leifsson 2003, 27

ÁR-479:051 heimild um ferju E: 401625 N: 400697

„Hamar heitir klapparrani fyrir austan Keramýrarlækinn, og nær hann fast austur að Soginu. [...] Ferjustaður var þarna á Soginu frá Efri-Brú.“ segir í örnefnaskrá. „Fjórði ferjustaðurinn var skammt fyrir ofan Ljósafoss [...],“ segir í Sunnlenskum byggðum.

Bjarni F. Einarsson skráði ferjustað í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, þar segir: „Frá Hamrinum austur yfir Sogið.“ Minjastaðurinn var ekki hnitsettur í skýrslu Bjarna F. Einarssonar.

Hamar er um 290 m NNV af stekk (ÁR-479:052) og um 360 m NV af Ljósafossstöð, en ekki sést hvar á klapparrananum ferjustaðurinn var.

Klapparrani sem gengur út í S vert Úlfljótsvatn. Að hluta gróinn. Ásýnd hamarsins hefur breyst mikið því á þessum stað var aðal malarnáman þegar virkjunin var byggð. Opið malarnám er yst á Hamrinum. Malarvegur liggur út ranann vestanverðan nærri vatninu en annar gróinn bílslóði er uppi á hamrinum.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Sést ekki til. Austurbakki Úlfljótsvatns fyrir norðan Sogið, á móti umræddum klapparrana kallast nú einnig Hamar og er merktur sem slíkur á korti. Þó er sagt að þessi vestanmeginn sem var notaður í malarnám hafi upphaflega einn borið þetta örnefni.“

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er ferjustaðnum lýst þannig: „Engar minjar eru á staðnum vestanverðum sem gefa til kynna hvers kyns hann er.“

Staðurinn var skráður aftur 2018: Yst á hamrinum austantil eru um 2-3 m niður á vatnsbakkann en lægra, um 0,5-1 m, þegar sunnar kemur. Engar götur sjást sem liggja að ferjustaðnum en mögulegt er að þær hafi verið á sömu slóðum og núverandi malarvegur.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 17; SB III, 254; Bjarni F. Einarsson 2005, 12:1; Rúnar Leifsson 2003, 43



Mynd 15: Ferjustaður 051, horft til N.

ÁR-479:052 tóft stekkur E: 401770 N: 400463


„Hamarsflöt heitir flötin framan við Hamarinn. Þar var stekkur til forna frá Úlfljótsvatni, og sést þar enn fyrir grjóthleðslum, en mikið var tekið af flötinni, þegar Sogið var virkjað.“



Mynd 16: Tóft 052, horft til A.

Bjarni F. Einarsson skráði heimild um stekk í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótslandi árið 2005: „Var á lítilli flöt á Hamrinum. Þar er efnistaka (grjótnám) og ruslahaugur.“ Bjarni fann ekki stekkinn og var minjastaðurinn ekki hnitsettur í skýrslunni. Á korti sem fylgir skýrslunni er stekkurinn hins vegar merktur á sömu slóðum og ferjustaður (051). Hér er því um rugling í örnefnaskrá að ræða en stekkjartóftin sem getið er um í örnefnaskrá er um 200 m VSV af stöðvarhúsinu í Ljósafossi. Bjarni skráði tóft í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótslandi 2005, sem reyndist vera sú sama og tóftin sem hér er skráð. Þar segir: „Efst á klettahól um 70 m frá Soginu og um 70 m neðan við malarveg. Í holti.“

Við tóftina vex lyng og birki. Grýtt moldarflög eru í kring. Mikið af ryðguðu bárujárni og fúnum spítum liggja í ruslahaug í tóftinni og er að hluta mosagróið yfir ruslið. Lækur eða kelda er sunnan við tóftina.



Mynd 17: Uppmæling af tóft 052.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Tóftin er að innanmáli 3,5 m A-V og 3.5 m N-S og er hún hlaðin úr grjóti. Hægt er að greina 6 umför og tóftin er hæst 180 sm. Tóftin virðist hafa verið ferhyrnd, þó er grjótið nú gengið til. Að NA er tóftin hlaðin utan í stórgrjót eða lítið bjarg. N, A og V veggir eru heillegastir en mest er hrunið af S vegg. Birki vex á tóftinni SA meginn.“

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum

við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er stekknum lýst þannig:“Stekkkurinn [sic] fannst ekki við leit, en svæðið er nokkuð illa farið, m.a. vegna grjótnáms“; en tóftinni er lýst: „5 x 6 m (A - V). Veggir úr grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,9 m háir. Dyr trúlega mót suðri. Rústin er illa farin og hrunin. Í henni er fúasprek og ryðgaðar bárujárnsplötur. Suður af rústinni virðist vera hleðsla sem myndar dálítið aðhald (kró?). Um 8 m út frá rústinni er stór steinn í þessari hleðslu.“

Staðurinn var skráður aftur 2018: Tóftin er um 6 x 5 m að utanmáli. Hún er töluvert grónari en þegar henni var lýst árið 2003, mest eru sjáanleg 4-5 umför. Inngangur og suðurveggur eru illgreinanleg, bæði vegna hruns og vegna birkitrés sem vex fast sunnan við tóftina. Nokkrar reynihríslur vaxa á tóftinni.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 17; Bjarni F. Einarsson 2005, 11:1, 61:1; Rúnar Leifsson 2003, 43-44

ÁR-479:054 heimild E: 401942 N: 399850

„Borgarholt heitir kollóttur klapparhóll, syðst á Hömrunum upp undan Írufossi. [...] Austan undir Borgarholtinu, á valllendisflöt, mótar aðeins fyrir einhverjum bygginum, en ógreinilega,“ segir í örnefnaskrá.

Bjarni F. Einarssin skráði minjastaðinn í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, þar segir: „Undir kollóttum klapparhól, syðst í Hömrunum.. [...]. Rústirnar fundust ekki þrátt fyrir leit.“ Minjastaðurinn var ekki hnitsettur í skýrslu Bjarna F. Einarssonar.

Gróin og skógivaxin flöt er á vesturbakka uppistöðulónsins við Írufoss, ANA við fjárskýli (479:053).Vesturbakki uppistöðulónsins er þéttvaxinn birki, greni og lúpínu. Talsverður hluti þessa valllendis fór undir uppistöðulónið.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Sést ekki til. Annað hvort hafa þessar rústir farið undir vatn eða þær eru nú huldar sjónum vegna trjágróðurs.“

Staðurinn var skráður aftur 2018: Engin merki um fornleifar fundust á þessu svæði og er engu við fyrri lýsingu að bæta.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Úlfljótsvatn, 18; Bjarni F. Einarsson 2005, 41:1; Rúnar Leifsson 2003, 44

ÁR-479:060 *Úlfljótshaugur*, *Villingshaugur* og *Ölvishaugur* þjóðsaga legstaður E: 401519 N: 404816

„Á scokalladre Dráttarhlíd í Grafníngi eru þrír krínglottir Hólar allir í Röd hvör útaf ödrum til Austurs og vesturs; er þad mál Manna ad þad séu Forn mannanna Ulflióts, Villíngs og Ölvis Haugar, vid hveria Menn Bæirnir Ulfliótsvatn, Villíngavatn og Ölvisvatn skule kénder vera," segir í Frásögum um Fornaldaleifar.

„Dráttarhlíð heitir meðfram Soginu. Þar upp á kambi hlíðarinnar eru þessir „haugar", sem svo eru kallaðir, þeir eru þrír og standa í röð, allir ákaflega stórir, og eru auðsjáanlega myndaðir af náttúrinnu; bergi eða móklappir standa út úr tveimr þeirra á hliðunum á einum stað," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880-1881.

Bjarni F. Einarsson skráði Úlfljótshauga í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlflljótsvatni 2005, þar segir: „Ofan við útfallið úr Þingvallavatni."

Haugarnir eru um 3,7 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við Haugahelli 026. Haugarnir sjást vel úr mikilli fjarlægð frá öllum áttum nema frá norðri.

Svæðið er vel gróið og er mosi mikill í sverði; víða sést þó í grjót standa upp úr grasinu. Norðan við Haugana er gil þar sem Sogið rennur í.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni" segir: „NA af haugunum er því sem næst þverhnípt niður í Sogið. Holan á toppi miðhaugsins er mjög greinileg. Hólarnir eru í röð frá A-V og eru þétt saman. Má jafnvel segja að þeir séu þrír toppar á einum stærri hól."

Sigurður Vigfússon lýsir minjastaðnum í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880-1881: „Sá haugurinn, sem er í miðið, er hæstr, snarbrattir ofan til og toppmyndaðr. Hinn brattasti toppt haugsins er um 50 fet, mælt frá efsta tindi þangað til haugrinn allr verulega slær sér úr; enn þvermál hans að ofan er 18-20 fet. Lægð eða



Mynd 18: Haugar 060, horft til SA.

hola, er ofan í hann í miðju, sem er 3-4 fet á dýpt, og hefir auðsjáanlega verið gjörð tilraun til að grafa í hann, enda eru um það munnmæli. Hinir haugarnir eru nokkuð lægri, sléttir og ávalir að ofan, enn mjög digrir umhverfis að neðan. Ákaflega þykkr jarðvegr er ofan á þeim öllum; eg kannaði þá með járnstaf, sem er hálf önnur alin á lengd, enn hafði hvergi botn, nema hitti á einstaka stein, þó ekki í hinum stærsta. Ekki er hægt að segja með vissu, hvort nokkur fornmannadys kunni að vera í þessum hólum, enn vel getr það verið, því að oft var það, að menn vóru grafnir ofan í hóla, sem myndaðir vóru af náttúrinni, það sem þótti einkennilegt, og mjög er undarlege þessi þykki jarðvegr, sem er ofan á þessum háu hólnum, er gnæfa upp fram við Sogið, og ólíkir því, er mér sýndist þar vera í kring [...]."

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er Úlfljótshaugi lýst þannig: „Hann [hóllinn] er um 10 x 15 m. (nokkuð ílangur) og 6 - 7 m hár."

Staðurinn var aftur heimsóttur á vordögum 2018. Fáu er við fyrri lýsingar að bæta. Hinir meintu haugar eru þrír og eru innan svæðis sem er 100x25 m að stærð og snýr NNA-SSV. Engin ummerki er að sjá um mannaverk á haugunum og verður að teljast afar ólíklegt að þeir séu annað en náttúrusmíð. Eins og fyrr segir eru þeir áberandi í landslaginu og hafa því kallað á einhverja fornleifaútskýringu sem ljáir staðnum merkingu. Á stærsta haugnum, sem er fyrir miðju, sér enn í skurð, 2x2 m að stærð og er mögulega sá sami og getið er um í Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Skurðurinn gæti þó verið yngri þar sem bakkarnir eru ekki fallnir.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: FF I, 219, 221; Árbók 1880-1881, 18-19; Bjarni F. Einarsson 2005; 50:1; Rúnar Leifsson 2003, 47-48

ÁR-479:061 heimild um ferju E: 401519 N: 404816

„Efsti staðurinn þar sem eitt sinn var ferjað var þó stórvarasamur en hann var yfir Þingvallavatn ofan við Dráttarhlíð. Þar er sagt að lestarmenn Skálholtsstóls hafi farið fyrrum í aðdráttarferðum sínum á Suðurnes. Þar sést tóft austan við vatnið, og er sagt að þar hafi verið geymsluskemma Skálholtsmanna til að geyma farangur er þeir höfðu ferjað yfir," segir í Sunnlenskum byggðum. Bjarni F. Einarsson skráði ferjustaðinn í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, en lýsir hvorki minjastaðnum né hnitsetur hann.

Ferjustaðurinn er um 3,9 km NNA við bæ 001 og rúmum 200 m ASA við Skinnhúfuhelli 027.



Mynd 19: Ferjustaður 061, horft til ANA.

Engin ummerki um götur sjást á yfirborði við ferjustaðinn, en mögulega hafa þær legið frá ferjustaðnum og upp hlíðana; á sama stað og núverandi göngustígur í átt að Steingrímsstíflu (b. 1960) liggur. Við mynni Sogsins, fast norðan við bratta og grösuga hlíð sem hallar til norðurs, að Þingvallavatni. Í skýrslu Rúnars Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Sést ekki til.“

Staðurinn var aftur hnitsettur og heimsóttur um vorið 2018. Litlu er við fyrri lýsingu að bæta. Búið er að hlaða malarfyllingu á vesturströndina í mynni Sogsins, þar var ferjustaðurinn.

Hættumat: Hætta vegna rasks

Heimildir: SB III, 153-154; Bjarni F. Einarsson, 2005, 47:1; Rúnar Leifsson 2003, 49-50

ÁR-479:062 heimild um ferju E: 401707 N: 404394

Í Sunnlenskum byggðum III segir: „Er sagt að við þetta slys hafi ferjustaðurinn verið lagður af en þess í stað verið farið fyrir neðan Dráttarhlíð gegnt Kaldárhöfða.“ „Ferjustaðurinn var skammt fyrir neðan Kerið,“ segir í örnefnaskrá. Bjarni F. Einarsson skráði ferjustaðinn í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 en lýsir hvorki staðnum né hnitsetur hann. Ferjan var rúmum 110 m sunnan við garðlag 080, þar sem brúin að Steingrímsstöð er nú. Brúin yfir Sogið er fram af Þúfnanesi og vegur liggur eftir því endilöngu að rafstöðinni.

Þúfnanes er austasta táin á Dráttarhlíð. Sogið breiðir úr sér og fellur í Úlfljótsvatn á þessum stað. Gróin svæði eru beggja vegna við ánna.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Það mótar fyrir klifi upp SV hlíð Þúfnaness frá vatnsborði og upp á veg. Þessi leið gæti vel verið einu leifar

ferjustaðarins. Það eru engar mannvirkjaleifar frá ferjustaðnum sýnilega. Umhverfi ferjustaðarins hefur breyst talsvert síðan hækkaði í vatninu.“ Litlu er við þessa lýsingu Rúnars að bæta fyrir utan að klifið sést ekki.



Mynd 20: Ferjustaður 062, horft til S.

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar

Heimildir: SB III, 254; Ö-Úlfljótsvatn, 8; Bjarni F. Einarsson 2005, 48:1, Rúnar Leifsson 2003, 50

ÁR-479:064 gata leið E: 404400 N: 401177

Á herforingjaráðskorti frá 1909 er leið teiknuð sem liggur frá Villingavatni ÁR-478 til norðvesturs. Við Stekkás (sjá ÁR-478:012) sveigir leiðin til austurs og endar snögglega rétt austan við Dráttarhlíð í Úlfljótslandi. Gatan var skráð í landi Úlfljótsvatns í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni,“ þar segir: „Gata liggur meðfram N strönd Hagavíkur frá A-V. 20 m fyrir ofan leiðina (ofar í Dráttarhlíðinni og fjær vatninu er nýr stígur.“

Staðurinn var skrásettur aftur 2018. Skrásetjari gekk á því svæði sem taldist vera innan deiliskipulagsreitsins, þar sem leiðin lá samkvæmt herforingjaráðskortinu. Engin ummerki um götur fundust innan svæðisins, en það hefur tekið stakkaskiptum frá seinni hluta 20. aldar, m.a. vegna byggingar Steingrímstöðvar (b. 1960). Þótt það sé ekki merkt inn á herforingjaráðskortið er ekki ósennilegt að leiðin hafi endað við ferjustað 062. Leiðin var merkt inn á minjakort eins og hún var sýnd á herforingaráðskortinu.

Þar sem leiðin sést, á þeim stað sem hún var skráð árið 2003, liggur hún í grónni hlíð með moldarflákum hér og þar. Á þeim slóðum þar sem leiðin lá skv. herforingjaráðskorti inn á deiliskipulagsreit frá 2018 er mosagróin hlíð, fremur brött sem liggur í átt að Úlfljótsvatni, en verður gróðursælla til austurs, og allra austast er unglegur trjágróður.

Í skýrslu Rúnar Leifssonar „Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni“ segir: „Stígurinn myndar

glufu í hlíðina um 30 sm djúpa. Vel er gróið yfir leiðina. Hún lítur fornlega út og virðist ekki hafa verið notuð í langan tíma (miðað við hve vel er gróið yfir hana). Óvíst er á milli hvaða staða hún liggur.“

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar


Heimildir: Hkort 37, Hengill - Þingvallavatn NA; Rúnar Leifsson 2003, 51

ÁR-479:070 tóft stekkur E: 401602 N: 404803

Bjarni F. Einarsson skráði stekk í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005, þar segir: „Suðvestan í grasi grónni laut skammt austur af malarvegi að Skinnhúfuhelli [027].“ Stekkurinn er um 3,9 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 80 m austan við Bríkarhelli 025. Malarvegurinn í lýsingu Bjarna F. Einarssonar liggur ekki að Skinnuhúfuhelli, heldur endar vegurinn á Þúfnanesi. Vegurinn er ekki lengur í notkun.



Mynd 21: Stekkur 070, horft til NV.



Mynd 22: Uppmæling af stekk 070.

Tóftin er í hvammi á Þúfnanesi. Gottt útsýni er til norðurs og sunnan við stekkinn er akvegur.

Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er stekknum lýst þannig: „Stekkur. 5 x 6 m (VNV - ASA). Veggir úr torfi og grjóti, 1 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. 1 hólf er á rústinni og vísir að öðru. Op á hólfinu snýr mót SSV. Út úr rústinni til

SSV er veggur eða garður. Er syðsti hluti hans óljós. Hér gæti hafa verið gerði eða að hólfið í norður sé lambakróin og hinn hlutinn sjálfur stekkurinn. Um 10 m sunnan við rústina virðist vera fjárgata mikil.“

Stekkurinn var aftur vettvangsskráður á vordögum 2018 og mældur upp. Litlu er við minjalýsingu Bjarna F. Einarssonar að bæta; tóftin er þó 7x6 m að stærð. Hún virðist grjóthlaðin, en vallgróin; því er ekki er hægt að greina umför í hleðslum. Aðeins er hægt að greina eitt hólf, opið til SSA en ekki SSV eins og segir hér að ofan. Þó má með ágætum vilja sjá hleðslu í framhaldi til suðurs, sem Bjarni túlkaði sem gerði eða hólf; sú hleðsla er þó hlaðin upp í mót brekku.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2005, 45:1

ÁR-479:071 tóft E: 401612 N: 404782

Bjarni F. Einarsson skráði tóft í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótslandi árið 2005: „Um 20 m suður af fornleifum nr. 45 [sjá 070] á brún grasi grónnar lauta.“ Tóftin er 3,9 km norðaustan við bæ 001 og um 25 m suðaustan við stekk 070.



Mynd 23: Tóft 071, horft til NV.

Á Þúfnanesi er gróin hóll. Þar ofarleg, við vesturbrún hólsins er tóftin. Til norðurs er gljúfur þar sem Sogið rennur.


Í skýrslu Bjarna. F. Einarssonar í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Úlfljótsvatni 2005 er tóftinni lýst þannig: „02 x 2,5 m (NNV - SSA). Ekki hægt að greina veggjaþykktir, en hæðin á rústinni er 0,1 - 0,2 m. Gólf eða botn er ferningslaga og ekki víst að hér sé um eiginlegt hús að ræða.“ Í sama riti segir einnig að mögulega sé þessi rúst skotbyrgi.

Tóftin var aftur heimsótt og hnitsett á vordögum 2018. Tóftin er 3x3 m að stærð. Veggir eru


grjóthlaðnir úr stæðilegu grjóti í bland við smágrýti, eingöngu neðsta umfarið sést. Hleðslur eru útflattar, 0,1-0,2 m á hæð, en ekki er hægt að greina veggjabreidd. Dyr sjást ekki, en mögulega er op á tóftinni til vesturs. Gott útsýni er yfir stekk 070, og svæðið í kring. Hér er hugsanlega um skotbyrgi að ræða.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2005, 46:1



Mynd 24: Uppmæling af tóft 071.



Mynd 25: Uppmæling af gryfju 072.

ÁR-479:072 gryfja óþekkt E: 401811 N: 400553

Gryfja er um 160 m vestur af Ljósafossstöð.

Gryfjan er í lyng- og kjarrmóa um 45 m vestur af bökkum Sogsins. Malarvegur liggur ANA-VSV rúma 30 m norður af gryfjunni.



Mynd 26: Gryfja 072, horft til A.

Gryfjan er u.þ.b. fernings-laga, 6 x 5 m og snýr austur-vestur. Hún er 0,2 - 1 m djúp. Gryfjan er mosa- og lynggróin en grasi grónara er í botni gryfjunnar en umhverfis hana. Hlutverk gryfjunnar

er ekki ljóst en hún virðist manngerð og var því skráð hér með. Hugsanlegt er að gryfjan sé yngri en svo að hún falli undir skilgreiningu fornleifa.


Hættumat: Engin hætta

ÁR-479:074 þúst óþekkt E: 401080 N: 40448

Fyrir norðvestan Steingrímsstöð eru brattar brekkur, þær kallast einu nafni Dráttarhlíð. Áberandi þúst er þar uppi á klettabrún, um 140 m norðvestan við tóft 078 og tæpum 80 m sunnan við vörðu 076. Þar er bratt til suðurs frá þústinni, niður klettabelti. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en mögulega var þetta varða eða smalaskáli sé tekið mið af staðsetningunni.



Mynd 26: Þúst 074, horft til SSA.



Mynd 27: Uppmæling af þúst 074.


Í Dráttarhlíð er mikil skógrækt umhverfis Steingrímsstöð. Vesturhlutinn er hins vegar lítt gróinn og þar eru móberg, lág klettabelti og melur áberandi. Þar er búið að planta lerkitrjám en þau eru lítil ennþá. Skammt austan við þústina er djúpur lækjarfarvegur og brattir klettar.

Þústin er 3x2 m að stærð, algróin og snýr NNA-SSV. Hún er 0,3 - 0,4 m á hæð, ávöl og hvergi sést glitta í grjót. Þústin er hæst til suðurs og gróður er á klettum norðan hennar.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

ÁR-479:075 tóft E: 400962 N: 404483

Ungleg tóft er um 3,3 km NNA við bæ 001 og rúmum 90 m sunnan við götur 077. Tóftin er á vesturmörkun efra deiliskipulagsvæðisins. Líklegt er að tóftin teljist ekki til fornleifa í lagalegum skilningi en hún fær að njóta vafans og fær því að fylgja með í þessari fornleifaskrá.



Mynd 28: Uppmæling af tóft 075.

Tóftin er ofarlega á mosagrónum hól, en á vissum stöðum á hólnum eru lítt gróin svæði.

Tóftin er einföld, ferköntuð, 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Grunnur tóftarinnar er grjóthlaðinn en veggir hafa verið þiljaðir, en innan tóftarinnar er mikið af timbri, m.a.sér í leifar hurðar með járnplötu; mögulega er timbrið að hluta til einnig leifar af þaki tóftarinnar. Grunnurinn er hlaðinn 1-2 umförum af flötu grágrýti í bland við smágýti, mest 0,4 m á hæð og eru veggir 0,6-0,8 m á breidd. Gengið er inn í tóftina á tveimur stöðum, annars vegar fyrir miðju á suðurhlið hennar og hins vegar norðarlega á vesturhlið. Innan í tóftinni, á vesturhluta hennar, má sjá einhvers konar náttúrulega brún sem gæti hafa verið notuð sem setubekkur eða bálkur. Ekki er ljóst um hlutverk tóftarinnar, en hugsanlega hefur hún verið notuð sem einhvers konar afdrep fyrir fólk.



Mynd 29: Töft 075, horft til N.

Hættumat: Engin hætta

ÁR-479:076 varða samgöngubót E: 401072 N: 404557

Þrjár vörður eru um 40 m sunnan við leið 077 og rúmum 70 m norðan við þúst 074. Umfang einnar vörðunnar er mun meira en hinna tveggja sem bendir til þess að hún sé forn. Varðan var að öllum samgöngubót á leið 077 sé tekið mið af staðsetningu hennar. Vörðurnar eru fyrir norðvestan Steingrímsstöð, uppi á Dráttarhlíð.



Mynd 30: Varða 076 (01), horft til NV.

Vörðurnar eru á lágri, flatri móbergsklöpp á hól. Gróðurþekja umhverfis klöppina er rofin en mosi, melur og stakir steinar eru áberandi. Lækjargil eru bæði fyrir sunnan og norðan hólinn.

Vörðurnar eru á svæði sem er 15x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hér neðar fá þær tölustaf til aðgreiningar.



Mynd 31: Varða 076 (02), horft til SSA.

Varða 01: Varðan er 2,5 x 1,5 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Hún er hrunin, einungis neðsta umferð sést enn. Hún er 0,1 - 0,2 m á hæð og hlaðin úr móbergi en hrun er allt umhverfis vörðuna.

Varða 02: Varðan er 2,5 m sunnan við vörðu 01. Hún er mun umfangsminni og að öllum ekki forn. Hún er hlaðin úr litlum steinum, mögulega úr vörðu 01. Hún er 0,5 x 0,5 m að grunnfleti og 0,2 m á hæð. Það má greina 3 umför í henni, þau eru ekki vel hlaðin.



Mynd 32: Varða 076 (03), horft til V.

Varða 03: Lítið annað er grjóthrúga sem myndar „þró“. Varðan er afmörkuð af steinum sem standa upp á rönd og autt svæði er í miðjunni. Varðan er 0,5 x 0,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Hún er að öllum líkindum ekki forn.

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar.

ÁR-479:077 gata leið E: 400981 N: 404568

Óljósar götur er um 3,4 km NNA við bæ 001 og tæpum 770 m norðvestan við ferjustað 062.

Göturnar liggja um þýft graslandi í Dráttarhlíðinni, sjá má mikinn mosa í þúfum og rimum.

Göturnar sjást vel á loftmynd, en vottar aðeins óljóst fyrir á vettvangi sem lægð í móa. Þær eru mest um 4 m á breidd og tæpir 380 m á lengd; en þeim var aðeins fylgt innan deiliskipulagsvæðisins, þ.e.um 90 m á vettvangi. Göturnar liggja ANA-VSV meðfram Dráttarhlíðinni, og enda við malbikaðan akveg sem er innan deiliskipulagssvæðis til austurs en til vesturs enda þær við gróðurvana holt, sem er utan skráningarsvæðisins. Líklega hafa göturnar legið í átt að ferjustað 062, suðaustan við Steingrímsstöð (b.

1960), en þeim hluta gatnanna hefur verið raskað sökum virkjanarfamkvæmda í seinni tíð.

Hættumat: Engin hætta



Mynd 33: Götur 077, horft til SA.



Mynd 34: Tóft 078, horft til S.

ÁR-479:078 tóft kálgarður E: 401222 N: 404432


Kálgarður er neðarlega (sunnarlaga) í brekku, á grónum stalli. Sunnan við kálgarðinn er leikvöllur. Kálgarðurinn er ekki forn og tengist eflaust stafsmannahúsum og starfsemi virkjunarinnar. Hann er engu að síður talin hér til fornleifa.

Í brekkunni er mikil skógrækt. Inn á milli eru sléttar grasflatir og er kálgarðurinn á einni slíkri. Til vesturs er lækur og rofið svæði.

Kálgarðurinn er 8,5 x 5 m að stærð, snýr ANA-VSV og skiptist í tvö hólf. Þau eru bæði niðurgrafin og grasivaxin að innan. Kjarrgróður er áberandi í tóftinni og hún óskýr á köflum af þeim sökum. Einnig er búið að planta öspum víða. Veggirnir eru 0,5 - 1 m á hæð og

algrónir. Hólf 1 er suðvestar. Það er 3,5 x 3,5 m að innanmáli og óljóst mótar fyrir opi til suðvesturs, niður brekkuna. Hólf 2 er austar og er 4 x 2,5 m að innanmáli. Þar er enn rabarbari í einu horninu en annars er þar gras. Ekki mótar fyrir opi á yfirborði.

Víða eru timburleifar inni í tóftinni, mögulega var girðing á veggjunum. Fast sunnan við tóftina er gróinn hryggur. Hann er 7,5 x 1,6 m að lengd, snýr austur-vestur og 0,7 m á hæð. Hann er algróinn og fjarar út til beggja enda, mögulega er þetta uppmokstur úr kálgarðinum.



Mynd 35: Uppmæling af tóft 079.

Hættumat: Stórhætta vegna skriðufalla

ÁR-479:079 hellir fjárskýli E: 400966 N: 405040

Hellir er um 3,9 km NNA við bæ 001 og rúmum 100 m VNV við ferjustað 061.Óljós gönguslóði liggur fast norðan við hellinn; slóðinn endar við Skinnhúfuhelli 027.

Hellirinn er í mjög brattri hlíð sem hallar til norðurs, að Þingvallavatni.

Hellirinn er 4x4 m að stærð og er mesta lofthæð í honum 2,5 m. Hellirinn er fremur bjartur en rakur. Op er á hellinum á tveimur stöðum, annars vegar til norðausturs, það op er 1,5 m á breidd og 0,8 m á hæð. Hins vegar er op til norðurs, um 2 m á breidd, og 0,8 m á hæð. Við fyrra opið er veigalítil grjóthlaðin hleðsla, hlaðin 2 umförum af smágrýti og er hún um 2 m á lengd og tæpir 0,2 m á hæð. Hleðslan bendir til að hellirinn hafi verið nýttur sem fjárskýli.

Hættumat: Engin hætta


ÁR-479:080 garðlag óþekkt E: 401657 N: 404499

Garðlag liggur til suðurs frá grenitrjám, norðan við veg að Steingrímsstöð, austarlega í Dráttarhlíð. Garðlagið er rúmum 60 m SSA við þúst 082 og tæpum 120 m norðan við ferju 062.

Brekkan er gróin og brött, ofarlega í henni eru klettar. Brekkan er þýfð en líklega var hún ræktuð á einhverjum tímapunkti.

Garðlagið er tæplega 30 m að lengd, 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Það er algróið en það glittir í einn stein til suðausturs. Garðlagið er hæst að vestan en fjarar út til allra átta. Það liggur til suðurs frá grenitrjám og hverfur skammt norðan við veginn. Þar er laut eða dæld á grónu svæði. Mögulega var efni borið burt af svæðinu. Tilgangur garðlagsins er óþekktur, mögulega tengist það skógrækt á svæðinu.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 35: Uppmæling af garðlagi 080.



Mynd 36: Garðlag 080, horft til N.



Mynd 37: Götur 081, horft til ASA.

ÁR-479:081 gata leið E: 401675 N: 400518

Götur liggja u.þ.b. austur-vestur um 300 m vestur af Ljósafossstöð, um 100 m norðvestur af stekk (052).

Göturnar liggja um ling og kjarrmóa, hálfþurr lækur eða kelda rennur sunnan við.

Gata sést á tæpum 30 m kafla og er skýrust vestast, fjarar smám saman út í báða enda. Hún er um 20-40 cm breið og um 20 cm djúp. Önnur gata er í svipaðri stefnu um 13 m norðar. Hún er breiðari, um 1-1,5 m en grynnri, um 10 cm. Hugsanlega er þar um yngri slóða að


ræða. Milli þessara tveggja gatna gætu verið 1-2 aðrar götur en mun óskýrari. Göturnar hafa hugsanlega legið að stekk (052).

Hættumat: Engin hætta

ÁR-479:082 þúst óþekkt E: 401629 N: 404584

Þúst er rúmum 60 m norðan við garðlag 080 og um 200 m norðan við ferju 062. Þústin er austarlega uppi á Dráttarhlíð, þar sem hlíðin lækkar niður að Soginu. Þústin er á hól-barði, lágir klettar eru til suðurs og malarvegur fast til norðurs. Þústin er mun grænni en nánasta umhverfi og lag hennar bendir til þess að mannvist sé undir sverði.

Þústin er mosavaxin og sina er áberandi. Umhverfis þústina er þýft, óræktað svæði og tré eru á stangli. Fast sunnar, í brekku, er mikið af grenitrjám og lág klettabelti.



Mynd 38: Uppmæling af þúst 082.

Þústin er 11 x 7,5 m að stærð, 0,2 - 0,4 m á hæð og snýr NNA-SSV. Hún er algróin mosa og sinu og það mótar fyrir beinum bökkum eftir henni endilangri. Það eru líklega sigin veggjabrot. Þústin er hæst til suðurs, við brekku-brúnina. Staðsetning og lag hennar bendir einna helst til þess að um beitarhús sé að ræða en það þarfnast staðfestingar.



Mynd 39: Þúst 082, horft til A.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

ÁR-479:083 þúst óþekkt E: 402192 N: 399450




Mynd 40: Þúst 83, horft til NA.

Óljós þúst er um 400 m suður af Írafossstöð og um 100 m suður af bökkum Sogsins.


Umhverfis þústina er birki og víði vaxið mólendi. Þústin stendur á hól sem hallar niður af til austurs.

Þústin er ávöl, um 5,5 m á lengd og 5 m á breidd, um 0,2-0,3 m há og snýr norður-suður. Helst er skýr vestur- og suðvesturhlið þústarinnar og er dæld í miðju hennar, um 3 x 2 m. Enginn inngangur sést. Ekki er öruggt að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað en hann fékk að njóta vafans þar sem um deiliskráningu var að ræða.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 41: Uppmæling af þúst 083.



Mynd 42: Uppmæling af garðlagi 084.

ÁR-479:084 garðlag óþekkt E: 402451 N: 399661

Garðlag er um 355 m suðaustur af Írafossstöð, um 15 m suður af bökkum Sogsins.

Hóll eða hólmi er fast sunnan við Sogið. Hálfgrónar klappir og urð er vestan við með litlum pollum og sprænum sem renna frá Soginu. Víðikjarr og lúpína vaxa á svæðinu. Reynitré er við vesturenda hólsins, innan garðlagsins.

Fast neðan við hólinn suðvestan- og sunnantil er grjóthlaðið garðlag, 1-2 umför, sem fylgir lögun hólsins. Garðlagið er um 30-50 cm hátt og 50 cm breitt og er skýrt á um 23,5 m kafla. Grjótið í hleðslunni er víða stórt og er ekki fullvíst að um mannvistarleifar sé að ræða. Grjótið er mosavaxið, grónara til austurs og fjarar garðlagið þar smám saman út. Stærra grjót eða klöpp er vestan við hólinn og liggur garðlagið frá því. Grjótdreif er einnig sunnan við hólinn er smágerðara og sjást ekki merki um hleðslu.



Mynd 43: Garðlag 094, horft til N.

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

ÁR-479:085 gryfja mógrafir E: 402443 N: 399492

Mógrafir eru um 470 m suðaustur af Írafossstöð, grafnar inn í eystri bakka gamals farvegar Sogsins. Grafirnar ná yfir svæði sem er um 26 x 11 m að stærð og snýr norður-suður.

Lyngmói er í kring og hvannarbreiða vestan við Sogið. Mýrlendara er þegar suðvestar dregur. Áin er hálf þurr með grýttum botn. Um 0,5-2 m eru niður á vatnsyfirborð í aflíðandi halla.

Mógrafirnar skiptast í 5-6 hólf, um 0,5-2 m djúp, dýpst til norðurs. Grafirnar eru blautar nyrst og er virkt rof þar í hliðum en grafirnar eru grónari og þurrari eftir því sem sunnar dregur. Hugsanlega ná grafirnar lengra til suðurs en eru þar vel grónar og sjást ekki skýrt.



Mynd 44: Mógrafir 085, horft til N.

Hættumat: Hætta vegna rofs

ÁR-479:086 þúst óþekkt E: 402508 N: 399286


Þúst (A) er um 670 m suðaustur af Írafossstöð, um 7 m vestur af Klifsskógarvegi. Um 40 m norðar er önnur þúst (B) og gryfja (C) um 35 m þaðan norðan af. Alls eru minjarnar á um 90 x 19 m svæði sem snýr norður-suður.



Mynd 45: Gryfja 086 C, horft til SV. Þústir 086 A og B í bakgrunni.

Þústirnar eru í gras- og lyngmóa með litlum mosa-breiðum á stöku stað. Lág-vaxið kjarr er í aflíðandi hlíðum til vesturs. Grunn tjörn er um 35 m suður af syðri þústinni (A). Grasi grónara og kjarr er norðar.

Þúst A er um 20 x 18 m að stærð og snýr NNV-SSA,. Hún er um 0,5-1 m há, hæst norð-austantil. Innra rými er óskýrt en mögulega sést eitt hólf, um 4 x 3,5 m með inngang til austurs í suðurhluta þústarinnar. Þústin er grasi vaxin. Grjótdreif er á nokkrum stöðum við vestur- og norðurhlið en engar hleðslur sjást. Þúst B er lægri, hæst um 0,3 m, grasi gróin og töluvert grænni en umhverfið. Engar skýrar útlínur greinilegar en þústin er um 13 x 9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er öruggt að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað en hann fékk að njóta vafans þar sem um deiliskráningu var að ræða. Gryfja C er ferhyrnd, um 2 x 1,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Vatn er í botni gryfjunnar og er um 0,6-1 m niður á vatnsyfirborð. Hugsanlegt er að gryfjan sé yngri en svo að hún falli undir skilgreiningu fornleifa.




Mynd 46: Uppmæling á minjum 086.

Hættumat: Hætta vegna rasks

5. Niðurstöður

Á vordögum 2018 voru minjar skráðar á tveimur deiliskipulagsreitum við Sogsvirkjanir: Annars vegar við Steingrímsstöð, á um 64 ha svæði og hins vegar við Ljósafoss- og Írafossstöð, á um 170 ha svæði. Samtals voru 33 minjastaðir skráðir af margvíslegum toga innan deiliskipulagsreitanna, 18 við Steingrímsstöð, og15 við Ljósafoss- og Írafossstöð (sjá töflur 1 og 2).

Minjar við Steingrímsstöð eru ekki í neinni sérstakri hættu vegna deiliskipulagsins, en þar er aðeins verið að staðfesta núverandi landnotkun á svæðinu. Það sama gildir um minjastaði við Ljósafoss- og Írafosstöð, en engar minjar fundust í eða við fyrirhugaðan vegslóða og byggingareit (sbr. mynd 47). Aftur á móti teljast minjar vera í hættu vegna ýmissa annarra ástæða, svo sem vegna trjáræktar eins og ÁR-479:080. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum verði ekkert að gert. Iðulega er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumatsins miklu fremur ætlað að beina kastljósinu að því að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna tiltekinna þátta.



Mynd 47: Fyrirhugað deiliskipulag við Ljósafoss- og Írafossstöð.

Deiliskipulagsreiturinn við Steingrímsstöð er um 3,5 km norðaustan við heimatún Úlfljótsvatns. Reiturinn hefst við Steingrímsstöðvarveg, fast sunnan við Púfnanes og endar við

Tafla 1: Minjar innan deiliskipulagsreits við Steingrímsstöð.

Samtala	*Hlutverk*	*Tegund*	*Hættumat*	*Ástæða*
ÁR-431:024	hleðsla	rétt	engin hætta	
ÁR-479:024	heimild	ferja	engin hætta	
ÁR-479:025	hellir	fjárskýli	engin hætta	
ÁR-479:026	hellir	fjárskýli	engin hætta	
ÁR-479:060	þjóðsaga	legstaður	engin hætta	
ÁR-479:061	heimild	ferja	hætta	vegna rasks
ÁR-479:062	heimild	ferja	hætta	vegna vegagerðar
ÁR-479:064	gata	leið	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:070	tóft	stekkur	engin hætta	
ÁR-479:071	tóft		engin hætta	
ÁR-479:074	þúst	óþekkt	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:075	tóft		engin hætta	
ÁR-479:076	varða	samgöngubót	hætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:077	gata	leið	engin hætta	
ÁR-479:078	tóft	kálgarður	stórhætta	vegna skriðufalla
ÁR-479:079	hellir	fjárskýli	engin hætta	
ÁR-479:080	garðlag	óþekkt	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:082	þúst	óþekkt	stórhætta	vegna trjáræktar

Dráttarhlíð til vesturs, en til norðurs endar reiturinn við afleggjara að Steingrímsstöð í landi Kaldárhöfða. Svæðið hefur tekið stakkaskiptum á liðnum áratugum í kjölfar byggingar Steingrímsstöðvar og er búið gróðursetja tré við stöðvarhúsið auk þess sem land þar hefur verið sléttað og lagfært og fleiri byggingar risið neðan við stöðina. Fast norðan við stöðvarhúsið er brött hlíð sem nær alveg upp að Haugum ÁR-479:060, en norðan við Haugana rennur Sogið í gljúfri. Efnistaka farið fram á vesturhluta deiliskipulagsreitsins. Það svæði er því mikið raskað og fundust engar minjar á yfirborði á þeim slóðum. Hefur efnistakan líklega aukið uppblástur á svæðinu. Þar sem landið er ekki blásið upp er mólendi og gras ríkjandi gróðurfar, einkum eftir því sem austar dregur og þegar komið er að Þúfnanesi, en þar er meðal annars stekkur ÁR-479:070.

Heimildir geta um tvo ferjustaði í landi Úlfljótsvatns við Steingrímsstöð, ÁR-479:061 og ÁR-479:062. Bæði á vettvangi og á loftmyndum var reynt að leita eftir leiðum sem lágu til þessara ferjustaða, engar fundust en líklegt er að leið ÁR-479:077 og/eða ÁR-479:064 hafi

Tafla 2: Minjar innan deiliskipulagsreits við Ljósafoss- og Írafossstöð..

Samtala	*Hlutverk*	*Tegund*	*Hættumat*	*Ástæða*
ÁR-430:058	tóftir		stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-430:059	tóft	óþekkt	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-432:009	örnefni	mógrafir	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-432:013	varða		stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-432:014	tóft		stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-432:015	náma	mógrafir	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:051	heimild	ferja	engin hætta	
ÁR-479:052	tóft	stekkur	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:054	heimild		stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:060	þjóðsaga	legstaður	engin hætta	
ÁR-479:072	gryfja	óþekkt	engin hætta	
ÁR-479:081	gata	leið	engin hætta	
ÁR-479:083	þúst	óþekkt	stórhætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:084	hleðsla	óþekkt	hætta	vegna trjáræktar
ÁR-479:085	gryfja	mógrafir	hætta	vegna rofs
ÁR-479:086	þúst	óþekkt	hætta	vegna rasks

legið að ferjustað ÁR-479:062. Norðausturhluti úttektarsvæðisins nær inn á vestasta hluta Kaldárhöfðalands; það landsvæði er fjarri heimabæ jarðarinnar. Þar er vel gróið hraun, sem í eru lautir og grónar skvompur. Þar fannst eingöngu rétt ÁR-431:024, í gljúfrinu þar sem Sogið er í.

Úttektarsvæðið við Ljósafoss- og Írafossstöð er um 2 km ASA við heimatún Úlfljótsvatns. Deiliskipulagsreiturinn byrjar við Heiðará til norðurs og endar rétt norðan við Kistufoss til suðurs. Vestasti hluti svæðisins er mólendi en því austar sem farið er því meiri bleyta er í jarðvegi. Til austurs endar úttektarsvæðið við Eystri-Fossamýri en til vesturs við Grafningsveg efri 360. Vegna þess að svæðið á austurhluta reitsins er hálfblautt og framræst votlendi þá finnast þar fáar minjar, þó eru þar mógrafir ÁR-432:015 og örnefnið Grafarmýri ÁR-432:009, sem gæti bent til mógrafa, á þeim slóðum.

Rétt eins og við Steingrímsstöð, er svæðið við Ljósafoss- og Írafossstöð mikið raskað vegna virkjanaframkvæmda, t.d. fundust engar götur við ferjustað ÁR-479:051, hvorki á vettvangi eða á gömlum loftmyndum. Í kjölfar byggingar Sogsvirkjana hefur vatnsborðið

í Úlfljótsvatni hækkað fyrir ofan Ljósafossstöð en lækkað neðan við hana. Lengi framan af var því stór hluti syðsta hluta deiliskipulagsreitsins undir Úlfljótsvatni. Þar eru þústir ÁR-479:083 og ÁR-479:086. Þær bera það yfirbragð að vera leifar af einhvers konar mannvirkjum, en frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta það.

Bæði úttektarsvæðin eru við Sogsvirkjanir, og hafa fyrri framkvæmdir þar raskað talsvert af minjum og breytt heildarásýnd svæðanna. Alls voru fjórir ferjustaðir skráðir á svæðunum. Þrátt fyrir að engin ummerki sjáist á yfirborði eru ferjustaðirnir merkar heimildir um samgöngumáta og leiðir fyrr á tíðum. Við ferjustað ÁR-479:061, sem er við mynni Sogsins, er t.a.m. fallegt útsýni yfir Þingvallavatn og stíflu Steingrímsstöðvar. Ákjósanlegt væri að ferjustaðirnir verði gerðir aðgengilegir ferðalöngum og fróðleiksfúsum gestum, svo sem með skiltagerð.

Það er í höndum Minjastofnunar Íslands að taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á minjar innan deiliskipulagsreitanna svo og hvort nauðsynlegt sé að grípa til einhverra mótvægisaðgerða. Mikilvægt er þó að benda á að fyllstu varúðar ber að gæta við minjastaði þar sem heimildir geta um minjar en lítið sem ekkert sést á yfirborði. Enda þótt engin ummerki um minjar sjáist á yfirborði geta oft talsverðar mannvistarleifar leynst undir foldu. Að endingu er vakin athygli á 22. og 23. grein laga um menningarminjar, þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Ís-lands.“ Að auki kemur fram að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Heimildaskrá

AÍ: *Alþingisbækur Íslands*. I-XVII. bindi. Reykjavík: Sögufélag, 1912–1990.

Árbók 1880–1881: Sigurður Vigfússon. „Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga og fleira, sem þar að lýtr.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880–1881*: 8–52.

Birna Lárusdóttir. *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi: Með viðbótum við eldri fornleifaskrá*. FS683-16141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2018.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan, 2005.

BL: Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University, 1967.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1857–1972.

FF I: Sveinbjörn Rafnsson (ritstj.). *Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*. I bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1983.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Árnessýsla*. II bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1918–1921.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda], 1847.

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I: Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi*. FS103-99061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 1999.

SB III: *Sunnlenskar byggðir: Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selfoss*. III. bindi. [Útgáfustað vantar]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983.

SSÁ: *Árnessýsla: Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. Reykjavík: Sögufélag, 1979.

Sturl: *Sturlunga saga*. I.–II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

Óútgefnar heimildir

Hkort: Dönsku herforingjaráðskortin 1905–1915. Sótt 22. maí 2018 af http://islandskort.is/is/category/list/29

Rúnar Leifsson. *Aðalskráning fornleifa á Úlfljótsvatni, 2003*. Handrit aðgengilegt hjá

Fornleifastofnun Íslands. Bárugata 3, 101 Reykjavík.

Ö-Kaldárhöfði: Örnefnaskrá Kaldárhöfða. Gísli Guðmundsson. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1971.

Ö-Syðri-Brú: Örnefnaskrá Syðri-Brúar. Gísli Guðmundsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1972.


Ö-Úlfljótsvatn: Örnefnaskrá Úlfljótsvatns. Kolbeinn Tumason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1944

Viðauki 1: Hnitaskrá

Fornleifanr.	*Austur*	*Norður*
430058a	401941.362	400951.285
430058b	401944.992	400945.492
430059	401943.053	400936.169
431024a	401442.418	404902.391
431024b	401476.017	404889.422
432009	402507.329	400100.174
432013	402085.036	400479.224
432014	402398.937	399799.232
432015	402565.208	399917.112
479024	401788.107	404615.106
479025	401519.261	404816.029
479026	401384.573	404862.624
479051	401624.660	400696.892
479052	401769.503	400463.125
479054	401942.156	399849.738
479060	401369.326	404795.434
479061	401071.175	405020.275
479062	401707.027	404394.688
479064	404400.000	401177.000
479070	401602.226	404803.277

Fornleifanr.	*Austur*	*Norður*
479071	401612.642	404782.434
479072	401810.852	400552.817
479074	401080.529	404480.135
479075	400962.623	404483.328
479076 1	401072.866	404557.887
479076 2	401072.015	404561.134
479076 3	401060.789	404553.819
479077	400980.746	404568.555
479078	401222.017	404432.202
479079	400966.505	405040.552
479080	401657.944	404499.767
479081	401675.209	400518.033
479082	401629.210	404584.322
479083	402191.600	399449.684
479084	402446.916	399661.492
479085	402442.604	399491.739
479086a	402507.886	399286.194
479086b	402485.067	399329.216
479086c	402482.452	399366.724

Viðauki 2: Minjakort




Yfirlitskort af skráningarsvæðunum fyrir kort á næstu síðum.

Kort 1


431024b
431024a
479026
479060
479061
479079
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0
30
60
90
120
150 m

Kort 2


479078
479064
479076 2
479076 1
479076 3
479074
479077
479075
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0
30
60
90
120
150 m

Kort 3


479025
479070
479071
479024
479082
479080
479062
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0 20 40 60 80 100 m


Kort 4


430058a
430058b
430059
479051
479072
479081
479052
432013
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0 30 60 90 120 150 m

Kort 5


432015
432009
432014
479054
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0
30
60
90
120
150 m

Kort 6


479084
479085
479083
479086c
479086b
479086a
Skýringar
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
Útlínur fornleifa
0
30
60
90
120
150 m